

Glæðing dygða í hverri þraut

Um tengsl íþróttar og kristinnar trúar

²⁴Vitid þér ekki, að þeir, sem keppa á íþróttavelli, hlaupa að sönnu allir, en einn fær sigurlaunin? Hlaupið þannig, að þér hljótið þau. ²⁵Sérhver, sem tekur þátt í kappleikjum, neitar sér um allt. Þeir sem keppa gjöra það til þess að hljóta forgengilegan sigursveig, en vér óforgengilegan. ²⁶Þess vegna hleyp ég ekki stefnulaust. Ég berst eins og hnefaleikamaður, sem engin vindhögg slær. ²⁷Ég leik líkama minn hart og gjöri hann að þræli mínum, til þess að ég, sem hef prédikað fyrir öðrum, skuli ekki sjálfur verða gjörður rækur.¹

Inngangur

Íþróttir eru mjög þverfræðilegt fyrirbæri og rannsóknir á þeim geta byggt á aðferðafræði og rannsóknarhefðum úr mörgum fræðigreinum. Íþróttir hvíla frá fornu fari á traustum grunni trúarbragða, allt frá dögum Forn-Grikkja. Þá var litið svo á að íþróttir væru hluti átrúnaðarins og afrek íþróttamannsins fórn hans til guðanna.² Í íslenskum fornritum kemur einnig fram að hvers kyns íþróttir tengdust ásatrúnni, meðal annars með því að einkenni og kostir hvers einstaks goðs voru gjarnan tengd íþróttaleikni þeirra og líkamsburðum.

Að sönnu fer ekki mikið fyrir íþróttum í hinni helgu bók, að minnsta kosti ekki í þeirri merkingu sem okkur er töm. Frásögnin af glímu þeirra Davíðs og Golíats má þó skoða sem eins konar íþróttakeppni þess tíma. Og íþróttir sem tæki í kristilegu uppeldisstarfi eru vel hugsanlegar. Um það vitnar grein Halldórs Reynissonar í Kirkjuritinu fyrir nokkrum árum um mikilvægi persónuleikamótunar í íþróttastarfi.³ Enn þá nýrri og nýstárlegri er BA-ritgerð Gunnars Stígs Reynissonar þar sem hann spyr hvort knattspyrna sé lífsstíll og menning eða trú.⁴ Í Argentínu er sérstakur kristinn söfnuður helgaður hetjunni (og hálf-guðinum) Diego Maradonna.⁵

Tengsl íslensku kirkjunnar við íþróttir á sér margra áratuga sögu. Prestar kirkjunnar tóku til að mynda margir þátt í stofnun, uppbyggingu og stefnumótun ungmennafélagsshreyfingarinnar í byrjun 20. aldar. Sterkustu áhrifin voru þó þau sem tengjast æskulýðsfrömuðinum sr. Friðriki Friðrikssyni (1868–1961). Í þessari grein verður fjallað um þessi tengsl íþróttar og kristinnar trúar og þau sett í samhengi við aðra þætti íslenskrar menningar, til dæmis íþróttir samtímans. Rannsóknarspurning greinarinnar er: Hvaða tengsl má greina milli íþróttar á Íslandi og kristinnar trúar?

¹ Fyrra bréf Páls til Korintumanna 9: 24–27, *Biblían. Heilög ritning — Nýja testamentið*, Hið íslenska Biblíufélag, slóð: <http://www.snerpa.is/net/biblia/kor-1.htm>.

² Young, David C., *The Olympic Myth of Greek Amateur Athletes*, Chicago: Ares Publishers Inc., 1985.

³ Halldór Reynisson, „Íþróttir og uppeldi: Um mikilvægi persónuleikamótunar í íþróttastarfi“, *Kirkjuritið* 2004, 70 (1), bls. 20–21.

⁴ Gunnar Stigur Reynisson, *Eðki bara leikur: Knattspyrna: Lífsstíll og menning eða trú?* BA-ritgerð í guðfræði frá Háskóla Íslands, 2009, slóð: <http://hdl.handle.net/1946/2769>.

⁵ Maradona, heimildamynd, leikstjóri: Emir Kusturica, DVD-Video, Reykjavík: Hljóð og Mynd, 2009.

Í upphafskafla að inngangi þessum loknum er fjallað um nokkur hugtök sem að gangi koma, svo sem trú, hetjuhugsjón fortíðar og íþróttahugsjón samtíðar. Síðan bregðum við okkur yfir í íslenska þjóðernisrómantík, afstöðu Íslendinga til fornaldarhetjanna. Frá hinum fornu hetjum færur við okkur til sr. Friðriks Friðrikssonar sem myndar eins konar kjarna þessarar greinar. Í kaflanum Tilfinningaþrungin orðræða er fjallað um tilfinningarnar, þetta sameiginlega einkenni orðræðunnar um íþróttir og trúmál. Kannski er það meginniðurstaða greinarinnar að íþróttir í samfélaginu séu á sama bekk og aðrir tilfinningatengdir samfélagsþættir svo sem listir, þjóðerniskennd, kynjamál og trúmál.

Fræðilegt sjónarhorn

Þrátt fyrir að hið skýra samhengi milli trúar annars vegar og félagslegra, stjórnmalalegra og efnahagslegra afla hins vegar hafi verið vinsælt umfjöllunarefni félagsfræðinga og trúarbragðafræðinga hafa tengslin milli trúar og íþróttar notið mun minni athygli. Vera má að þetta orsakist af almennu skeytingarleysi um íþróttir sem fullboðlegt rannsóknarefni innan hefðbundinna fræðigreina. Þetta hefur breyst síðustu áratugi bæði innan hugvísinda og samfélagsvísinda.⁶ Innan guðfræði og trúarbragðavísinda hefur áhuginn einnig vaxið eins og sjá má í bókum eftir Novak⁷, Guttman⁸ og einkum Hoffman.⁹

Íþróttir og trú hafa einnig tengst á annan hátt alþjóðlega. Á fundi með nokkrum ítölskum atvinnuknattspyrnumönnum sagði Benedictus páfi XVI. að það væri vilji hans að knattspyrna yrði tæki til að efla menntun, heilbrigð gildi og heiðarleika, samheldni og bróðurkærleik, einkum meðal yngri kynslóðanna.¹⁰ Það hefur einnig verið staðfest að mörg þeirra ensku knattspyrnuliða sem nú teljast meðal sterkustu liða í heimi hafi verið stofnuð af kirkjunni eða á trúarlegum grunni.¹¹

Íslenskir fræðimenn eru einnig farnir að sýna tengslum íþróttar og trúar áhuga. Um íþróttir sem tæki í kristilegu uppeldisstarfi skrifar séra Halldór Reynisson í grein sinni í Kirkjuritinu fyrir nokkrum árum.¹² Skoðun hans er að ekki megi gleyma íþróttum í boðun kristilegs uppeldis. Árið 2009 skrifaði séra Gunnar Stígur Reynisson BA-ritgerð þar sem hann spyr hvort knattspyrna sé lífsstíll og menning eða trúarbrögð.¹³ Svar hans er ekki eindregið, það sé háð því hvornig trúarbrögð séu skilgreind. Hins vegar sé alveg ljóst að knattspyrna hafi haft mikil áhrif á þau samfélög manna þar sem hún hafi orðið vinsæl.

En hvað er trú? Í Hebreabréfi Nýja testamentisins er orðið trú skilgreint á þennan veg: „Trúin er fullvissa um það sem menn vona, sannfæring um þá hluti sem eigi er auðið að sjá.“¹⁴ Meredith B. McGuire bendir á það í bók sinni *Religion: The Social Context* að tvær aðalstefnur séu uppi um að skilgreina trúarbrögð. Það eru innihaldsskilgreining (e. substantive definition) og hlutverkaskilgreining (e. functional definition).¹⁵ Sú fyrrnefnda nýtist mjög vel til rannsókna í stöðugu samfélagi þar sem lítið er af félagslegum

⁶ Vanderwerken, D.L., *Sport in the classroom: Teaching sport related courses in the humanities*, Cranbury, NJ: Associated University Press, 1990; McPherson, B.D., Curtis, J.E., og Loy, J.W., *The social significance of sport*, Champaign, IL: Human Kinetics, 1989.

⁷ Novak, M., *The joy of sports*, New York: Basic Books, 1976.

⁸ Guttman, A., *From ritual to record: The nature of American sport*, Dubuque, IA: William C. Brown, 1978.

⁹ Hoffman, Shirl J. (ritstj.), *Sport and religion*, Champaign, IL: Human Kinetic Books, 1992.

¹⁰ Pope backs football life lessons, slóð: <http://news.bbc.co.uk/1/hi/world/europe/7179757.stm>, án árs.

¹¹ Lupson, Peter, *Thank God for Football!* London: Azure, 2006.

¹² Halldór Reynisson, „Íþróttir og uppeldi“, bls. 20–21.

¹³ Gunnar Stígur Reynisson, *Ekki bara leikur*.

¹⁴ Hebreabréf 11.1, *Biblían: Heilög ritning — Nýja testamentið*, Hið íslenska Biblíufélag, slóð: <http://www.snerpa.is/net/biblia/>.

¹⁵ McGuire, Meredith B., *Religion: The Social Context* (fimmta útgáfa), Illinois: Waveland Press, Inc, 2008.

vandamálum. Sú síðarnefnda útskýrir hins vegar hvað trúarbrögð gera fyrir viðkomandi einstakling og/eða hóp. Sú víðsýni sem finna má í hlutverkaskilgreiningu á trúarbrögðum hefur meðal annars verið gagnrýnd með þeim rökum að ef farið sé eftir slíkum skilgreiningum, þá sé hægt að túlka allt það sem maðurinn gerir sem trúarbrögð. Rannsakendur þurfa því að sýna fram á það að viðkomandi fyrirbæri sem dregið er í efa að sé trúarlegt sé það í raun og veru. Það sem hægt er að fella undir hlutverkaskilgreiningu sem trúarbrögð er meðal annars marxismi, spíritismi, þjóðernishyggja, guðleysi og íþróttir.¹⁶

Hlutverkaskilgreiningin er í raun í anda félagsfræðingsins Émile Durkheim (1858–1917) sem m.a. sagði:

Trúarbrögð eru kerfi hugmynda og athafna sem varða helga hluti, það er að segja fyrirbæri sem aðgreind hafa verið með bannhelgi, og sameinar alla þá sem lúta því í síðrænt samfélag sem kalla mætti kirkju.¹⁷

Gegn þessum skilgreiningum má stilla skilgreiningu Sigurðar Árna Þórðarsonar en hann segir meðal annars:

Trúin er skuldbindandi og lífsmótandi samband en ekki einhver innri tilfinning eða innri stemming. [...] Trú er það að innlifast hinum guðlega vilja og leita lífshátta sem ríma við þann vilja. Trú er það að vera beintengdur inn í elsku Guðs og þiggja þaðan mörk fyrir eigin neyslu, hugsun, tilfinningar, þarfir og störf. [...] Trú er annaðhvort trú til Guðs, samband við Guð eða ekki.¹⁸

Þessi skilgreining Sigurðar mundi falla nokkuð vel undir fyrri skilgreininguna, innihaldsskilgreininguna sem flestir guðfræðingar munu hallast að nú á tímum. Hér verður hins vegar fremur gengið út frá hinni félagslegu hlutverkaskilgreiningu þótt fúslega skuli viðurkennt að trúin sem fyrirbæri tengt handanveruleika sé líklegri til að skapa djúpar og gegnumgrípandi tilfinningar í stíl við tilfinningaþrungna orðræðu um íþróttir.

Hins vegar er það svo að íþróttir tengjast sjálfsagt flestum eða öllum trúarbrögðum heims. Í Kína hafa til dæmis fundist vísbendingar um að til forna hafi menn stundað keppni í fiskveiðum, sundi og hinum ýmsu bardagaíþróttum. Margir vísindamenn eru þeirrar skoðunar að Kínverjar hafi verið fyrstir til að innleiða síðferðisleg gildi í íþróttir og tengja saman íþróttir, hugleiðslu og almenna heilbrigði. Dæmi um þetta er Tai Chi sem þróaðist í Kína til forna.¹⁹ En lítum okkur aðeins nær.

Bæði forngrískar og fornromverskar íþróttir og fornorrænn hetjuskapur byggjast á dygðum sem eru í verulegum mæli samfélagslegar þótt auðvitað verði að gæta þess að nákvæm merking hugtaksins „dygð“ er ætíð að hluta háð samfélagi og tíma.²⁰ Aðaldygðir hetjusamfélaganna virðast hafa verið hugrekki og samskipta- og persónueinkenni tengd því eins og heiður, vinátta, hófsemi og viska.²¹ Aristóteles byggir dygðirnar á því sem er mannum gott, eudaimonia – blessun, hamingju, blómstrun, ekki aðeins sem einstaklings heldur sem félagsveru. Fyrir honum mynda dygðir og lög einnig einingu, gagnstætt því sem oft er reiknað með í nútímanum.²² Á margan hátt eru dygðir Aristótelesar og lýsingar

¹⁶ Gunnar Stígur Reynisson, *Guð blessi Ísland: Þjóðríkistrú, þjóðkirkja og trúarhugmyndir Íslendinga*, ritgerð til cand.theol.-prófs við Háskóla Íslands, slóð: <http://hdl.handle.net/1946/10673>, 2012.

¹⁷ Durkheim, Émile, *The Elementary Forms of Religious Life*, New York: The Free Press, 1995, bls. 44.

¹⁸ Sigurður Árni Þórðarson, *Trú eða óregla*, slóð: <http://www.sigurdurarni.annall.is>, án árs.

¹⁹ Acevedo, Edmund O., *The Oxford handbook of exercise psychology*, New York: Oxford University Press, 2012.

²⁰ MacIntyre, Alasdair, *After Virtue: A Study in Moral Theory*, London: Duckworth, 2008, bls. 121–130.

²¹ Sama heimild, bls. 131–145.

²² Sama heimild, bls. 152.

hans á þeim dæmigerðu persónum sem eru þrýddar þeim (eða skortir þær) keimlíkar þeim gildum sem lýst er í Íslendingasögum.²³

Frá fornu fari hvíla íþróttir því á traustum grunni trúarbragða, allt frá dögum Forn-Grikkja. Þá var lítið svo á að íþróttir væru hluti átrúnaðarins og afrek íþróttamannsins fórn hans til guðanna.²⁴ Dygdahugsjónir norrænnar sögualdar tengjast þessum dygðum eins og þær koma til dæmis fram í dygdasiðfræði Aristótelesar. Sama gildir um hinn heiðna norræna sið, einnig þar eru líkindi við trúarbrögð Grikkja og síðar Rómverja.

Enginn kostur er að meta hvort íslenskar fornsögur, að svo miklu leyti sem þær lýsa raunveruleika íþróttanna hinna fornu hetja, gefi óbrensláða mynd af þeim veruleika. Lýsingar þeirra eru enda oftlega bókmenntalegs eðlis en ekki af blaðamennsku- eða sagnfræðitagi. Íslendingasögur og aðrar íslenskar fornbókmenntir geyma frásagnir af örlögum hetja og betri bænda árána 900–1200 e. Kr. Fræðimenn telja þær almennt traustar heimildir um gildi og dygðir (fremur en einstaka atburði og persónur) þess tíma sem þær fjalla um og kannski enn frekar ritunartíma síns. Frásagnarhættir Íslendingasagna eru flóknir og gefa kost á ýmiss konar túlkun: bókmenntafræðilegri, félagsfræðilegri, siðfræðilegri og trúfræðilegri því að ekki má gleyma því að þær eru skráðar á kristnum tíma. Áberandi er meðal annars að samkeppni og átök mynda ríkulegan hluta sögufléttunnar. Sérhver hetja varð að geta sýnt afburða leikni í að minnsta kosti einni íþróttagrein og góður íþróttamaður var dýrmæt „eign“ og heiður heimasveitar sinnar.

Einn þeirra sem skrifaði í anda rómantikurinnar á 19. öld um fornhetjurnar var sagnfræðingurinn Björn Bjarnason. Hann segir meðal annars um hetjurnar á grundvelli orða Íslendingasagnanna sjálfra að hetjan sé fríð sýnum, há á velli, grönn og bein, sterk, fim og vígkæn, augun frán og snör. Hún sé stórlát, dáðrík og frægðarfús, sigursæl, kjarkmikil og stefnuföst, lífsglöð og beri harm sinn í hljóði. Hún sé orðstillt, athugul, skapfelldin og orðheppin, baráttuglöð og áhættusækin. Hún sé áræðin og hraust. Hún berjist í broddi fylkingar og hlýði því sem æðra settir skipa fyrir um. Hetjan sé grandvör, orðheldin og hreinskilin, örlát og framagjörn, göfuglynd og heiðarleg. Hún sé háttprúð í hversdagsfari, hófsöm og alþýðleg, spök og unni fróðleik og skáldskap.²⁵

Þarna er í stuttu máli dregið saman „allt sem þrýða má einn mann“ eins og Skáld-Rósa orti um ástmann sinn. Vafasamt er þó að nokkur einn fornmaður hafi risið undir þessu öllu. Sömu gildi koma fram í skrifum annars fræðimanns, Jens Glebe-Möller.²⁶ Sumar þessara dygða virðast vera einstaklingsbundnar, aðrar félagslegar. Meginatriðið er þó að skyldur og dygðir hetjanna fléttast mjög áberandi inn í félagsleg tengsl þeirra, svo og gildi, viðhorf og aðstæður í sögunum sjálfum.²⁷ Beinn þráður virðist þó greinilega liggja milli þessara sagna og nútímahugmyndafræði um íþróttir og íþróttasiðferði. Þær virðast einnig ríma við meginatriðin í manngildishugmyndum kristinnar á sínum tíma.

Nú vikur sögunni til fyrri hluta 20. aldar. Ungmennafélög og skipulögð íþróttafélög verða til. Að þessu leyti er íslenskt samfélag ekkert ósvipað samfélögum þess tíma þótt íþróttir komi hingað ívið seinna en í nágrannalöndunum. Í þessu samhengi tekur séra Friðrik Friðriksson æskulýðsfrömuður að hasla sér völl.

²³ Kristján Kristjánsson, „Liberating Moral Traditions: Saga Morality and Aristotle’s Megalopsychia“, *Ethical Theory and Moral Practice*, 1998, (1), bls. 397–422.

²⁴ Sansole, D., *Greek Athletics and the Genesis of Sport*, Los Angeles: University of California Press, 1988.

²⁵ Björn Bjarnason, *Íþróttir fornanna á Norðurlöndum*, Reykjavík: Bókfellsútgáfan, 1950, bls. 13–24.

²⁶ Glebe-Möller, Jens, og Pedersen, O., *Livstydning i den nordiske mytologi*, Kaupmannahöfn: Dansk lærerforeningen, 1987.

²⁷ Hermann Pálsson, *Úr hugmyndaheimi Hrafnkels sögu og Grettlu*, Reykjavík: Menningarsjóður, 1981, bls. 64–65, 69–70; Vilhjálmur Árnason, „Saga og siðferði: Hugleiðingar um túlkun á siðfræði Íslendingasagna“, *TMM* 1985, 46, bls. 21–37, hér bls. 28.

Séra Friðrik og skáldskapur hans

Upphaf nútímaíþróttá á Íslandi má rekja til ungmennafélaganna sem störfuðu að mestu á landsbyggðinni og voru þjóðernisleg, siðræn og uppeldisleg samtök. Í íþróttum var megináhersla lögð á líkamlega reisn og djarflega framgöngu, ungt fólk átti að vera hnarreist og hafa þróttmikið göngulag.²⁸ Fegurð íþróttanna, heiðarleiki og drengskapur í fornum anda voru grundvallardýgðirnar. Leiðtogar fyrstu íþróttafélaganna og íþróttasambandanna voru fyllilega sammála þeim rómantísku fræðimönnum sem skrifuðu um hetjur fornaldar. Hið sama átti við um kristna íþróttaleiðtoga eins og séra Friðrik Friðriksson.

Séra Friðrik fæddist 25. maí 1868 í Svarfaðardal.²⁹ Eftir að faðir hans dó leystist fjölskyldan upp og fór Friðrik þá í vist á ýmsum bæjum.³⁰ Sem unglingur átti hann við hugsýki að etja eftir allar hremmingar bernskunnar en náði sér og varð mjög trúður. Hann fór að lesa og hugsa um að mennta sig og fékk til þess stuðning fjarskyldra ættmenna og vina.³¹

Hann komst inn í Latínuskólann í Reykjavík og varð stúdent 1893.³² Hann hélt síðan til náms við Kaupmannahafnarháskóla. Þar lauk hann cand. phil.-prófi ári síðar en lagði síðan stund á læknisfræði og málfræði. Í Kaupmannahöfn var hann til ársins 1897. Síðustu þrjú árin var hann orðinn píetisti og starfandi félagi í KFUM í Kaupmannahöfn og hætti raunar námi í Kaupmannahöfn til að komast heim til Íslands til að stofna þar KFUM.³³

Eftir að hann var kominn til Íslands innritaðist hann í Prestaskólann og lauk þaðan prófi árið 1900. Ári áður, eða 1899, hafði hann stofnað KFUM og KFUK í Reykjavík.³⁴

Séra Friðrik var vígður prestur og skipaður við Laugarnesspítala sama ár og hann lauk guðfræðiprófi árið 1900 og gegndi síðar prestþjónustu í nokkrum prestaköllum, ýmist í afleysingum eða tímabundið til skamms tíma. Þá stundaði hann einnig kennslustörf á þessum fyrstu árum, meðal annars í Kvöldskóla KFUM sem hann stofnaði, Menntaskólanum í Reykjavík og Gagnfræðaskóla Reykjavíkur.³⁵

Árin 1913–1916 dvaldist hann í Norður-Ameríku, ferðaðist meðal íslenskra safnaða og vann að kristilegu ungmennastarfi, auk þess sem hann gegndi starfi safnaðarprests.³⁶ Hann flutti til Íslands árið 1916 og starfaði eftir það sem foringi KFUM og prestur. Til Danmerkur fór hann mjög oft, m.a. árið 1939, og varð það til þess að hann dvaldi þar öll stríðsárin.³⁷

²⁸ Jón M. Ívarsson, *Vormenn Íslands: Saga UMFÍ í 100 ár*, Reykjavík: Ungmennafélag Íslands, 2007, bls. 25, 32, 44, 47, 54.

²⁹ Friðrik Friðriksson, *Min lívssaga*, Árósar: De Unges Forlag, 1934, bls. 7; Sigurjón Guðjónsson, „Séra Friðrik Friðriksson“, í Friðrik Friðriksson, *Sálmar — Kvæði — Söngvar*, Reykjavík: KFUM í Reykjavík, 1968, bls. 5–11, hér bls. 9.

³⁰ Friðrik Friðriksson, *Min lívssaga*, bls. 7–26; sami höfundur, *Undirbúningsárin: Minningar frá askuárum*. Reykjavík: Þorsteinn Gíslason, 1928, bls. 2–16.

³¹ Friðrik Friðriksson, *Min lívssaga*, bls. 27–39; sami höfundur, *Undirbúningsárin*, bls. 17–30.

³² Friðrik Friðriksson, *Min lívssaga*, bls. 48–65 og 88–142; sami höfundur, *Undirbúningsárin*, bls. 31–224.

³³ Friðrik Friðriksson, *Min lívssaga*, bls. 143–219; sami höfundur, *Undirbúningsárin*, bls. 230–325; Sigurjón Guðjónsson, „Séra Friðrik Friðriksson“, bls. 9.

³⁴ Friðrik Friðriksson, *Min lívssaga*, bls. 222–241 og 281–283; sami höfundur, *Starfsárin. I.*, Reykjavík: Þorsteinn Gíslason, 1933, bls. 1–82; Sigurjón Guðjónsson, „Séra Friðrik Friðriksson“, bls. 10.

³⁵ Friðrik Friðriksson, *Min lívssaga. II. del*, Kaupmannahöfn: De Unges Forlag, 1942, bls. 31–51; sami höfundur, *Starfsárin. I.*, bls. 82–116; Sigurjón Guðjónsson, „Séra Friðrik Friðriksson“, bls. 10.

³⁶ Friðrik Friðriksson, *Min lívssaga. II. del*, bls. 90–120; Sigurjón Guðjónsson, „Séra Friðrik Friðriksson“, bls. 10.

³⁷ Sigurjón Guðjónsson, „Séra Friðrik Friðriksson“, bls. 10; Friðrik Friðriksson, *Starfsárin. I.*, bls. 117–128, 148–194 og 212–239.

Séra Friðrik var mikilvirkur rithöfundur. Meðal annars skráði hann ítarlega ævisögu sína og samdi skáldsögur. Jafnframt var hann gott sálmaskáld og ljóðapýðandi og komu sálmar hans og ljóð út að honum látnum 1968.³⁸

Séra Friðrik skrifaði ekki vísindagreinar eða fræðilegar ritgerðir. Það eru því fyrst og fremst bókmenntaverk hans sem sýna skoðanir hans á kristni, æskufólki og íþróttum, fyrir utan ötult starf hans á þeim vettvangi. Það var einlæg sannfæring hans að æskufólk væri mikilvægasti aldurshópurinn fyrir framgang kristindómsins og lífið í Guði og að kirkjan yrði að neyta allra ráða til að tengjast því. Þar væri sú íþrótt sem flestir iðkuðu mikilvægur þáttur. Hann telur auk þess að íþróttir séu frábært tæki til að styrkja kristin gildi eins og heiðarleika, samheldni, virðingu fyrir öðrum og slík gildi.³⁹

Árið 1931 stóð séra Friðrik fyrir því að stofna knattspyrnufélagið Hauka í Hafnarfirði.⁴⁰ Í tilefni þess gaf hann út bókina *Keppinauta*⁴¹ sem hann skrifaði tuttugu árum fyrir þegar hann var að stofna Knattspyrnufélag KFUM sem skömmu síðar varð að Knattspyrnufélaginu Val⁴² sem enn starfar í Reykjavík af miklum þrótti. Þá predikaði hann fyrir drengjunum á stofnfundi að þeir skyldu ávallt hafa í huga heiðarleika í leik og starfi og að í íþróttum skyldi ríkja friður, agi, samstaða, fegurð og kraftur en aldrei neitt ósæmilegt eða rangt.⁴³

Sagan gerist í Bandaríkjunum og fjallar um stofnun knattspyrnufélags í litlu þorpi. Bókin hefur mjög sterkan siðferðisboðskap, auk hins kristilega, og boðar heiðarleika og drengskap, fallegar hugsanir, bindindi, hófsemi og leikgleði. Boðskapur hans og gildi staðsetja hann mjög afdráttarlaust meðal þeirra sem styðja hin rómatísku viðhorf til íþróttar og siðrænna þátta þeirra. En að sjálfsögðu bætir hann við sinni eigin kristnu áherslu og boðskap sem samræmist í sjálfu sér vel hinum fornu gildum drengskapar og heiðarleika. Þau kristnu áhersluatriði að leggja meiri áherslu á þátttöku og fegurð íþróttanna en sigur og afrek⁴⁴ virðast þó stríða áberandi gegn keppnisskapi fornhetjanna og einbeittu sigurþrá þeirra.

Boðskapur séra Friðriks og gildi staðsetja hann mjög afdráttarlaust meðal þeirra sem styðja hin rómatísku viðhorf til íþróttar. En að sjálfsögðu bætir hann við eigin kristinni áherslu og boðskap sem samræmist í sjálfu sér vel hinum fornu gildum drengskapar og heiðarleika. Þau kristnu áhersluatriði að leggja meiri áherslu á þátttöku og fegurð íþróttanna en sigur og afrek virðast þó stríða áberandi gegn keppnisskapi fornhetjanna og einbeittu sigurþrá þeirra.

Fyrir utan kristindóminn sem séra Friðrik lagði mikla áherslu á voru hugmyndir hans því mjög líkar þeim hugmyndum sem ungmennafélagshreyfingin byggði á. Ef eitthvað var lagði hann þó enn meiri áherslu á fegurð íþróttanna. Um knattspyrnuna samdi hann t.d. mikið ljóð sem þessar vísur eru hluti af:

Helst mun leiksins heiður styðja

³⁸ Sigurjón Guðjónsson, „Séra Friðrik Friðriksson“, bls. 11; Friðrik Friðriksson, *Sálmar — Kvæði — Söngvar*, Reykjavík: KFUM í Reykjavík, 1968.

³⁹ Sigurjón Guðjónsson, „Séra Friðrik Friðriksson“; Valur.is, *Ágrip úr sögu Knattspyrnufélagsins Vals*, án árs, slóð: <http://www.valur.is/valur/saga.aspx>.

⁴⁰ Haukar.is, *Ágrip af sögunni*, án árs, slóð: <http://haukar.is/saga>.

⁴¹ Friðrik Friðriksson, *Keppinautar*, Reykjavík: Knattspyrnufélagið Valur, 1931.

⁴² Valur.is, *Ágrip úr sögu Knattspyrnufélagsins Vals*.

⁴³ Jón M. Ívarsson, *Vormenn Ísland: Saga UMFÍ í 100 ár*, Reykjavík: Ungmennafélag Íslands, 2007, bls. 107; Valur.is, *Ágrip úr sögu Knattspyrnufélagsins Vals*.

⁴⁴ Friðrik Friðriksson, *Keppinautar*, 1931, bls. 136–137.

hófstillt lund en framagjörn.
Drengileg sé dáð og iðja
drengileg í sókn og vörn.
Engin þeysing út í bláinn,
ekkert spark í fátí sett.
Öll sé leikmanns æðsta þráin
að allt sé fagurt, djarft og rétt

Fram, fram, frækið lið!
Fram, fram, sækið þið!

Að því marki sem leikinn láti
lærdóm verða á þroskabraut,
tamning viljans með glóð í gáti,
glæðing dygða í hverri þraut.
Þá að lokum er lífið þrýtur
leik er slitið, marki náð,
sigurlaun og hnossið hlýtur
hann er sýndi trú í dáð.⁴⁵

Eins og sjá má af þessum línum eru þær ekki aðeins hluti af ljóði heldur miklu heldur hluti af sálmi. Eins og aðrir sálmar séra Friðriks vísa þær einnig afar skýrt til samfélags skáldsins. Séra Friðrik lést 9. mars 1961.⁴⁶

Lokaorð

Tilfinningar tengjast mjög sterkt allri umfjöllun um íþróttir.⁴⁷ Þau einkenni koma fyrir í ýmiss konar annarri umfjöllun og orðræðu. Umræða um trúarbrögð er oft lituð af svipuðum gildum.⁴⁸ Sama gildir um stjórnámál.⁴⁹ Raunar er eftirtektarvert hve mikil líkindi eru milli afstöðu einstaklinganna til íþróttaliðsins síns, trúarsafnaðarins síns og stjórnámála-flokksins síns. Inn í þessa upptalningu má raunar stundum bæta heimasveit, þjóð, kyni, félagsskap ýmiss konar og fleiri hópamyndunum samfélagsins, þeim fylgja oft afar miklar og sterkar tilfinningar og geðshræringar.⁵⁰

Um stöðu tilfinninga og geðshræringa gagnvart skynsemi, rökhyggju og jafnvel siðgæði hafa ýmsir fræðimenn fjallað. Í flestum tilvikum eru tilfinningar og geðshræringar þá settar

⁴⁵ Friðrik Friðriksson, *Keppinautar*, bls. 85–86.

⁴⁶ Sigurður Guðjónsson, „Séra Friðrik Friðriksson“, bls. 11.

⁴⁷ Guðmundur Sæmundsson, *Það er næsta víst ...: Hvað einkennir einkum umfjöllun um íþróttir í íslenskum bókmenntum og fjölmiðlum?* Doktorsritgerð frá Háskóla Íslands, 2014, slóð: <http://hdl.handle.net/1946/17507>.

⁴⁸ Stein, Arlene, „Revenge of the Shamed: The Cristian Right's Emotional Culture War“, í Jeff Goodwin, James M. Jasper og Francesca Polletta (ritstj.), *Passionate Politic: Emotions and Social Movements*, Chicago og London: The University of Chicago Press, 2001; Young, Michael P., „A Revolution of the Soul: Transformative Experiences and Immediate Abolition“, í Jeff Goodwin o.fl. (ritstj.), *Passionate Politics*.

⁴⁹ Berezin, Mabel, „Emotion and Political Idenjity: Mobilizing Affection for the Polity“, í Jeff Goodwin o.fl. (ritstj.), *Passionate Politics*.

⁵⁰ Goodwin, Jeff, Jasper, James M., og Polletta, Francesca, „Why Emotions matter“, í Jeff Goodwin o.fl. (ritstj.), *Passionate Politics*; Collins, Randall, „Social Movements and the Focus of Emotional Attention“, í Jeff Goodwin o.fl. (ritstj.), *Passionate Politics*.

upp sem neikvæðar andstæður hinna gildanna sem aftur er stillt upp sem jákvæðum. Þannig er til dæmis í heimspekikeningum Kants,⁵¹ í skiptingu Freuds í Það, Sjálf og Yfirsjálf⁵² og í kenningum Kohlbergs um stigskiptingu siðferðisþroska manna.⁵³

Ekki á þetta gildismat þó við um alla fræðimenn og hugsuði því að í kenningum sumra þeirra er lögð áhersla á að fylgja fremur hjartanu (tilfinningunum) en heilanum (rökhyggjunni).⁵⁴ Einkum virðist þversögnin mest í því að draga upp sem andstæður tilfinningar og siðgæði eins og segja má að Kohlberg geri því að æðsta stig siðgæðis, réttlætiskenndin sjálf, verður ekki mæld með neinum tækjum eða rökum heldur hlýtur hún þegar allt kemur til alls að byggjast á tilfinningu mannsins.

Íþróttir í samfélaginu eru á sama bekk og aðrir tilfinningatengdir samfélagsþættir. Þá er meðal annars átt við svið eins og listir, þjóðerniskennd, kynjamál og trúmál. Séra Gunnar Stígur Reynisson orðar þetta samspil eða samlíkingu skemmtilega í blaðaviðtali 23. júní 2013 en þar segir hann:

„Þeir sem trúá ekki á fótbolta, ef hægt er að orða það þannig, þeir sem eru trúlausir fatta þetta ekki, skilja þetta ekki. ... Þeir fatta ekki og skilja ekki hvernig hægt er að hafa svona mikinn áhuga á fótbolta – þetta er bara leikur. Eða þeir sem eru trúlausir segja: Hvernig getur þú trúað á Guð – hann er ekki til. Knattspyrna er bara svo miklu meira, þetta er eitthvað sem er í hjartanu í okkur. Sama er með Guð, þó við sjáum hann ekki er hann í hjartanu í okkur.“⁵⁵

Í þessari grein hefur verið fjallað um tengsl íþróttar og kristinnar trúar. Rannsóknarspurning greinarinnar var: *Hvaða tengsl má greina milli íþróttar á Íslandi og kristinnar trúar?* Niðurstaða greinarinnar er að þessi tengsl séu talsverð og séu þess verð að halda þeim á lofti. Sterkust og skýrust eru þau áhrif sem séra Friðrik Friðriksson hafði á íslenskt íþróttalíf og viðhorf til íþróttar. Þá er full ástæða til að halda á lofti þeirri skoðun að íþróttir og trúarbrögð tilheyri í raun þeim tilfinningatengdu samfélagsþáttum sem skipta fólki svo miklu máli, kannski oftast meira máli en skynsemi og rökhyggja sem mæla lífshamingjuna oft og einatt í krónum og aurum.

Íslenskir guðfræðingar samtímans skrifa lítið um íþróttir og kirkjunnar fólk er ekki virkt í íþróttahæminum. Á þessu sviði var séra Friðrik mikill frumkvöðull. En íþróttirnar lifa þó í gamla félaginu hans, KFUM og K, sem tæki í starfinu. Þau efna árlega til landskeppni í knattspyrnu fyrir yngstu félaga, 9–12 ára.⁵⁶ Fyrir 13–16 ára unglíngja er haldið árlegt miðnæturíþróttamót fyrir unglíngja af öllu landinu.⁵⁷ Í sumarbúðum KFUM og KFUK í Vatnaskógi, Vindáshlíð, Ölveri, Kaldárseli og Hólavatni eru íþróttir mikilvægur þáttur dagskrárinnar fyrir krakkana.⁵⁸ Því er einnig rétt að halda til haga að íslenskir prestar eru gjarnan beðnir að vígja íþróttasali og íþróttavelli þegar þeir eru teknir í notkun. Innan sjálfrar kirkjunnar er þó lítið íþróttastarf. Nokkrir einstaklingar innan kirkjunnar hafa þó

⁵¹ McCormick, „Immanuel Kant: Metaphysics“, *Internet Encyclopedia of Philosophy: A Peer-Reviewed Academic Resource*, 2005, slóð: <http://www.iep.utm.edu/kantmeta/>.

⁵² Cherry, Kendra, „Sigmund Freud — Life, Work and Theories“, á *About.com Guide*, án árs, slóð: http://psychology.about.com/od/sigmundfreud/p/sigmund_freud.htm.

⁵³ Sami höfundur, „Kohlberg’s Theory of Moral Development; Stages of Moral Development“, á *About.com Guide*, án árs, slóð: <http://psychology.about.com/od/developmentalpsychology/a/kohlberg.htm>.

⁵⁴ Douglas, Allen, *The Philosophy of Mahatma Gandhi for the Twenty-First Century*, Lexington: Lexington Books, 2008; Kornfield, Jack, *Teachings of the Buddha*, Boston: Shambala Publications, Inc., 2007; Sigurbjörn Einarsson, „Trú og breytni að skilningi Lúthers“, *Samtíð og saga*, 1948, 4, bls. 298–310.

⁵⁵ Gunnar Stígur Reynisson, „Fótbolti sem trúarbrögð: Knattspyrnupresturinn á Hornafirði, Gunnar Stígur Reynisson“, *Morgunblaðið Sunnudagur* 23.6. 2013, bls. 22–23.

⁵⁶ KFUM, Vefsíða KFUM og KFUK á Íslandi, slóð: <http://www.kfum.is>, Yngri deildir.

⁵⁷ KFUM, Unglingadeildir.

⁵⁸ KFUM, Sumarstarf.

tekið þátt í íþróttum, til dæmis lyftingum, frjálsíþróttum, knattspyrnu og sundi, aðrir eru fastir og áhugasamir gestir á íþróttavöllum í sókn sinni og jafnvel víðar. En almennt má ef til vill halda því fram að kirkjan hafi ekki tekið við þeim kyndli sem séra Friðrik rétti henni.